

Fundargerð

Fundur með helstu hagsmunaaðilum Friðlands að Fjallabaki

Staðsetning: Hellu, Suðurlandsvegi 1-3 í fundarsal í kjallara.

Dagsetning: 13. febrúar, 2017 kl. 17:00-18:00

Fundarmenn:

Hákon Ásgeirsson Umhverfisstofnun, Guðmundur Árnason Fitjamenn, Bergur Pálsson 4x4, Þórarinn Garðarsson SAMÚT, Kristbjörg Hilmarsdóttir Skaftárhreppur, Ólafía Jakobsdóttir Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Þórarinn Eyfjörð Útivist, Skúli H. Skúlason Útivist, Hákon Gunnarsson Útivist, Linda Udengård Útivist, Sigurgeir Guðmundsson Hálendisnefnd RY, Kristinn Guðnason Fjallaskilanevnd RY, Aníta Ólöf Jónsdóttir Hekluhestar, Stefán Jökull Jakobsson FÍ, Próstur Guðnason Áfangagil ehf. Frá Rangárþingi ytra Haraldur Birgir Haraldsson, Ágúst Sigurðsson og Eiríkur Vilhelm Sigurðsson.

Fundarritari: Hákon Ásgeirsson Umhverfisstofnun

Dagskrá:

1. Kynning á vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland að Fjallabaki.
2. Farið yfir drög að samráðsaætlun og óskað eftir athugasemdum.

Umræður:

- Lögð áhersla á að mikilvægt væri að áætlunin yrði tilbúin sem fyrst.
- Að nánari reglur um svæðið verði settar inn í áætlun eins og reglur um tjöldun, hvaða vegir og vegslóðar eru opnir/lokaðir. Áætlun um aukna landvörslu. Lagt til að aðstaða landvarða verði á þremur svæðum eins og áður hefur verið lagt til. Skoða einstefnu á Laugavegi. Gera stefnu um hverskonar ferðamenn á að þjónusta í friðlandinu, það er hvernig á að byggja upp og hverja þarf að þjónusta. Gera stefnu um samstarf við rekstraraðila/helstu hagsmunaaðila á svæðinu.
- Rætt um mögulega stækkun friðlandsins og mikilvægi þess að það verði gert.
- Auka samstarf við Vatnajökulsþjóðgarð.
- Vatnsból á nokkrum svæðum komin að þolmörkum vegna aukins ferðamannastraums.
- Spurt hverjir verða í samstarfshóp, mikill áhugi samráðsaðila að taka þátt í vinnunni. Umhverfisstofnun leggur til að samstarfshópur verði fámennur 3-5 og samráðsaðilar verði upplýstir reglulega um framgang vinnunnar. Samráðsaðilar vilja kynningarfund á fyrstu drögum og verða þá tilbúnir með ábendingar og athugasemdir sem ræddar verða á fundinum.
- Fundarmönnum bent á að skoða heimsíðu Umhverfisstofnunar, sérstaklega bent á stjórnunar- og verndaráætlanir sem hafa verið gerðar <http://ust.is/umhverfisstofnun/utgefid-efni/verndaraetlanir/>, vinnuplagg um Stjórnun friðlýstra náttúruminja í umsjón stofnunarinnar http://ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/Stjornun_fridlystra_natturuminja_i_umsjon_Umhverfisstofnunar.pdf, verndaráætlanir í vinnslu <https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/verndaraetlanir-i-vinnslu/> og ýmislegt efni um Friðland að Fjallabaki, sérstaklegar skýrslu starfshóps um Fjallabak <https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudurland/fridland-ad-fjallabaki/>

Næstu skref:

- Skipun í samstarfshóp
- Fundur með samráðsaðilum á Hellu þegar fyrstu drög stjórnunar- og verndaráætlunar verður tilbúin, senda drögin út með viku fyrirvara svo samráðsaðilar geti komið með athugasemdir og ábendingar á fundinn.
- Umhverfisstofnun setur upp svæði á heimasíðu Umhverfisstofnunar um framgang vinnunnar.